

Steingrímur um óánægju SUF með framkvæmdastjóra Framsóknarflokksins:


Alrangt að ég hafi tekið líklega í kröfu um brottvikningu

STEINGRÍMUR Hermannsson forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins segir alrangt að hann hafi tekið „líklega“ í ósk forystumanna Sambands ungra framsóknarmanna (SUF) um að Hauki Ingibergssyni framkvæmdastjóra Framsóknarflokksins yrði sagt upp, eins og sagði í frétt Morgunblaðsins á miðvikudag, að því er forsætisráðherra sagði í samtali við blaðamann Mbl.

Í frétt blaðsins sagði að Steingrímur hafi tekið líklega í kröfu ungra framsóknarmanna um að Haukur yrði látinn vika en jafnframt látið í ljós þá skoðun, að nú væri ekki rétti tíminn til þess. „Það er rétt að Finnur Ingólfsson formaður SUF og annar maður til komu til mín eftir að Magnús Ólafsson ritstjóri NT hafði sagt upp störfum og lýstu óánægju sinni með störf Hauks Ingibergssonar,“ sagði forsætisráðherra. „Það er hins vegar alrangt, og það vil ég láta koma skýrt fram, að ég hafi tekið líklega í málaleitan þeirra eða lýst óánægju minni með Hauk á nokkurn hátt. Ég tel einmitt að hann hafi að mörgu

leyti leyst störf sín mjög vel af hendi.

Ég sagði þeim að ég teldi mikilvægt að samstaða væri um framkvæmdastjóra flokksins, hvort heldur það væri í röðum ungra framsóknarmanna eða eldri, og sagðist telja rétt að þeirra kvörtun yrði rædd. Ritari flokksins myndi sjá um það. En að ég hafi tekið undir kvörtun þeirra á einn eða annan hátt er alrangt,“ sagði Steingrímur Hermannsson.



„Málarinn“, olíumálverk frá 1984.

Góð aðsókn að sýningu Kjartans

MJÖG góð aðsókn hefur verið að myndlistarsýningu Kjartans Guðjónssonar í vestursal Kjarvalsstaða, sem opnuð var um síðustu helgi. Á sýningunni eru 72 myndverk, 54 olíumálverk og 18 vatnslitamyndir. Hafa 24 verk þegar selst.

Kjartan er einn af frumherjum abstrakt-myndlistar á Íslandi, en á síðustu árum hefur hann málað myndir af þekktanlegum fyrirbærum og sótt sér myndefni í líf og störf sjómanna. Á sýningunni á Kjarvalsstöðum kennir nýrra grasa; þar eru ný myndefni frá hans hálfu, sem sýna að hann er enn að þróast og þreifa fyrir sér.



Christoph Bertram

Fundur í dag:

Geimvarnir og afvopnunarmál

HUGMYNDIR Ronalds Reagan, Bandaríkjaforseta, um varnarkerfi í geimnum hafa vakið miklar umræður innan Atlantshafsbandalagsins og víðar og eru skiptar skoðanir um áhrif þeirra á afvopnunarmál og varnarsamstarf Vesturlanda. Í hádeginu í dag gangast Samtök um vestræna samvinnu og Varðberg fyrir fundi um þessi mál, þar sem dr. Christoph Bertram, stjórnmálaritstjóri þýska vikublaðsins „Die Zeit“, verður framsögumaður.

Fundurinn, sem er opin félagsmönnum í SVS og Varðbergi og gestum þeirra, verður í Áttahagsal Hótel Sögu og verður húsið opnað klukkan 12 á hádegis.

Hrafninn flýgur

— vel tekið í Kennedy Center

Nýlega var kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar „Hrafninn flýgur“ sýnd í Kennedy Center í Washington á vegum „American Film Institute“. Fyrir kvikmyndasýninguna höfðu sendiherrahjónin Hans G. Andersen og frú móttöku fyrir gesti sýningarinnar, um 300 manns. Að sögn sendiherrans var gerður góður rómur að myndinni og sýningargestir klöppuðu vel að lokinni sýningu.

VANTAR

PIG

EITÍ

ÓDÝRT???



Hvern vantar ekki ódýrt, ekki að tala um þegar það er líka gott

Á Vöruloftinu Sigtúni 3, 2. hæð, hafa orðið miklar breytingar og þar er nú mjög góður

stórútsölumarkaður

Opið alla laugardaga kl. 10—4

Allt á börnin í sveitina

Úlpur frá kr. 195
Peysur frá kr. 195
Gallabuxur frá kr. 99
Strigaskór kr. 299
Gúmmistígvél kr. 299
Blússur frá kr. 450
Ípróttasokkar frá 59
Jogging-gallar barnast. kr. 380
Bolir í úrvali

Á herra

Herrajakkaft, allar stærðir, frá kr. 2.500—3.500
Stakir jakkar kr. 1.575
Herrabuxur kr. 540
Herrablússur kr. 995
Skyrtur kr. 190
Herra rúskinnsjakkar kr. 2.500
Stakir jakkar kr. 995
Samfestingar hvítir kr. 650
Vinnusloppar kr. 350
Vinnublússur kr. 350
Vinnubuxur kr. 450
Rafsuðugallar kr. 990
Sokkar kr. 50
Gúmmistígvél kr. 350
Reiðstígvél kr. 389

Á dömur

Dömuþlússur nýjar kr. 350—450
Rykfrakkar kr. 2.500
Dömusamfestingar kr. 900—1.550
Greiðslusloppar kr. 685
Kvenskór frá kr. 295
Dömuþlússur frá kr. 450

Gardínuefni í úrvali

Karnabær — Belgjagerðin — Vöruloftið